

**Nd.**

**326. Bræytingartillögur**

við frv. til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þingskjal 144).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Þegar jörð er til sölu, og hvorki viðtakandi hennar eða hlutaðeigandi sveitarfjélag vill nota kauprjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er hefir þá forkaupsrjett.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Nú tilkynnir eigandi, eða annar fyrir hans hönd, landsstjórninni, að jörð sje til sölu samkvæmt 1. gr., og skal landsstjórnin þá afla sjer nauðsynlegra upplýsinga um jörðina og sannvirði hennar, og tilkynna hlutaðeiganda innan mánaðar, hvort hún vilji nota kauprjett landssjóðs. Landssjóður greiðir kostnað, er af kaupunum leiðir, ef kaup eru gerð.

Seljanda er þó heimilt að selja öðrum, ef landsstjórnin vill ekki sinna því verði, sem boðist hefir fyrir jörðina.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ef um áður seldar þjóðjarðir eða kirkjujarðir er að ræða, greiðist kaupverðið úr sjóðum þeim, er andvirði jarðanna er runnið í, ella greiðist það úr landssjóði.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um bygging jarðanna, en um umráð þeirra fer eins og lög ákveða.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ef jörð er seld öðrum en viðtakanda eða sveitarfjélaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkvæmt 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni og kaupa fyrir sama verð og jörðin seldist síðast fyrir.

5. Á eftir 4. gr. komi ný (5.) gr., svo hljóðandi:

Skyllt er hreppstjórum að hafa vakandi auga á, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum 1. gr. sje hlýtt. Ef út af er brugðið, skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni.

6. Við 5. gr.

Greinin falli burt.